

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. maí 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-18/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreiðinni A af Y. Álitsbeiðandi segir bifreiðina vera gallaða og vill rifta kaupunum. Gerir hann þá kröfu að seljandi taki við bifreiðinni aftur með þeim bílasamningi við Z sem á henni hvíli.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 7. apríl sl., óskaði kæruneftndin eftir frekari upplýsingum frá álitsbeiðanda sem henni bárust 15. apríl. Nefndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 17. apríl, og var honum gefinn frestur til að skila andsvörunum til 30. apríl. Andsvör bárust ekki. Með bréfi, dags. 5. maí sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Bifreið sú sem álitsbeiðandi keypti er árgerð 2006 af gerðinni B með skráningarnúmerið A. Kaupin fóru fram 30. janúar 2008. Þá hafði bifreiðinni verið ekið 16.830 mílur. Kaupverðið var kr. 4.470.018.

Álitsbeiðandi segir að T hafi flutt bifreiðina notaða til landsins í febrúar 2007 og annast sölu hennar til sín. Í bílasamningi standi að bifreiðinni hafi verið ekið 16.000 kílómetra en mílumælir sé í henni. Við nánari athugun hafi komið í ljós að bifreiðinni hafi áður verið skilað til seljanda 31. júlí 2007 eftir skoðun E bifvélavirkja og F vélvirkja. Hafi þeir skoðað bifreiðina á nýjan leik 7. mars sl. Þá hafi starfsmaður G skoðað bifreiðina 11. mars sl. Í þessum skoðunum öllum hafi sömu gallar komið fram nema túrbína bifreiðarinnar hafi verið löguð. Af gögnum málsins sést að sú lagfæring hefur verið gerð eftir fyrstu skoðunina. Álitsbeiðandi segir að við kaupin hafi verið vitað að ACD dæla hafi verið biluð og slík dæla hafi fylgt með í kaupunum. Seljandi hafi sagt bifreiðina vera í 100% ástandi sem ekki hafi reynst vera. Bifreiðin hafi verið haldin göllum sem seljandi hafi vitað um. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið fram á það við seljanda að kaupunum yrði rift en á það hafi hann ekki fallist. Bifreiðin hafi staðið á verkstæðinu G síðan 10. mars sl.

IV

Úr gögnum málsins

Álitsbeiðninni fylgdi vottorð E og F og segir í því eftirfarandi:
„B mr. A. Kom til H á seinasta ári og voru greindar í honum eftirfarandi bilanir.
Acd dæla
Stýrismaskína
Túrbína með skemmda spaða
Hjólalega
Það var skipt um hjólaleguna.

Þegar hann kom fyrir 2 vikum voru eftirfarandi bilanir.
Acd dæla
Stýrismaskína
Líklega millikassi.“

Við hliðar á lýsingu á fyrri skoðuninni er handritað „júlí 2007“ og til hliðar við lýsingu á síðari skoðuninni er handritað „7. mars 2008.“

Kærufndin óskaði eftir því að álitsbeiðandi upplýsti hver hefði beðið um fyrri skoðunina á bifreiðinni. Í svari álitsbeiðanda segir að E og F beri ekki saman um hver hafi óskað eftir henni, hvort það hafi verið L, Y eða T.

Álitsbeiðninni fylgdi skoðunavottorð O hjá G. Í skýringum í skoðunavottorðinu segir eftirfarandi: „Girkassi eða drif, óhljóð, líklega í legum, mikill hvinur í akstri. Var einnig prófaður í lyftu. Hnökrun í stýri líkt og skemmdur hjöruliður en var ekki það. Er líklega í stýrisvél.“ Staða ökumælis er sögð vera 18.188 mílur.

Samkvæmt ökutækjaskrá er eigendaferill bifreiðarinnar A eftirfarandi:

Kaupdagur 23.02.2007. T.

Kaupdagur 12.04.2007. I.

Kaupdagur 30.05.2007. T.

Kaupdagur 30.05.2007. J.

Kaupdagur 20.06.2007. Y

Kaupdagur 20.06.2007. I.

Kaupdagur 30.01.2007. Y

Kaupdagur 30.01.2008. Z.

Eigendaskipti fara annaðhvort fram á kaupdegi eða daginn eftir.

Álitsbeiðandi er nú skráður umráðamaður bifreiðarinnar. Samkvæmt ökutækjaskrá er umráðaferill bifreiðarinnar A eftirfarandi:

Y er aðalumráðamaður frá 31.05.2007 til 20.06.2007 K er
aðalumráðamaður frá 20.06.2007 til 09.07.2007.

L er aðalumráðamaður frá 09.07.2007 til 31.07.2007.

Y verður aðalumráðamaður á ný 31.07.2007 og er til 01.02.2008 þegar álitsbeiðandi verður aðalumráðamaður. Í samningi Z við álitsbeiðanda er seljandi bifreiðarinnar sagður vera R.

Svarbréfi álitsbeiðanda frá 15. apríl sl. fylgdi kostnaðaráætlun viðgerðar á bifreiðinni A og er hún samtals kr. 1.173.440.

V

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Kærunefndin hefur við afgreiðslu málsins leitað til sérfróðs aðila, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Álitsbeiðandi vísar um þá galla sem hann telur vera á bifreiðinni til vottorðs þeirra E og F sem skoðuðu bifreiðina í júlí 2007, þ.e. áður en álitsbeiðandi keypti hana og í mars 2008 eftir að kaupin fóru fram. Kaupin áttu sér stað í millitíðinni eða þann 30. janúar 2008. Þá vísar álitsbeiðandi einnig til vottorðs O sem skoðaði bifreiðina 11. mars 2008. Gera verður ráð fyrir að búið hafi verið að aka bifreiðinni 16.000 mílur þegar álitsbeiðandi keypti hana, en ekki 16.000 kílómetra. Þegar O skoðaði bifreiðina hafði henni verið ekið 18.188 mílur og akstur álitsbeiðanda hefur samkvæmt því verið 2.188 mílur.

Eins og að framan er rakið þá segir í vottorði E og F um fyrri skoðun á bifreiðinni að í henni hafi verið greindar eftirfarandi bilanir: Acd dæla, stýrismaskína, túrbína með skemmda spaða og hjólalega. Álitsbeiðandi vissi við kaupin að Acd dæla, væri biluð og fylgdi hún með í kaupunum. Við fyrri skoðunina komu því í ljós gallar í stýrismaskínu, túrbínu og hjólalegu sem ekkert bendir til að álitsbeiðanda hafi við kaupin verið gerð grein fyrir eða hann vitað um, en hann segir að seljandi hafi sagt bifreiðina vera í fullkomnu lagi fyrir utan Acd dæluna.

Álitsbeiðandi segir að túrbína bifreiðarinnar hafi verið löguð og svo og hjólalegan og sýnist það hafa verið gert eftir fyrri skoðunina. Við síðari skoðanir, þ.e. í mars 2008, kom til viðbótar í ljós að líklega væri millikassi bifreiðarinnar bilaður. Við skoðunina í júlí 2007 er ekki getið um bilun í millikassa.

Y er skráður eigandi bifreiðarinnar 20. júní 2007 og I sama dag. Y verður aftur eigandi bifreiðarinnar 1. febrúar 2008, en kaupdagur er skráður 30. janúar s.á., og Z verður og eigandi 1. febrúar s.á. Á þessu tímabili, þ.e. frá 20. júní 2007 til 1. febrúar 2008, eru aðalumráðamenn bifreiðarinnar K frá 20. júní 2007 til 9. júlí s.á. og L sem tekur við aðalumráðum bifreiðarinnar þann dag og hefur þau til 31. júlí 2007 þegar Y aftur tekur við þeim.

Eins og fyrr segir fór skoðun fram á bifreiðinni í júlí 2007 en ekki er upplýst hvaða dag. Þann mánuð var tveimur aðalumráðamönnum til að dreifa, þeim K og L. Y tekur síðan við umráðunum 31. júlí og verður að telja yfirgnæfandi líkur á því að hann hafi vitað um niðurstöður skoðunarinnar frá því í júlí. Kærunefndin telur með tilliti til þess að hún geti byggt niðurstöðu sína á því að svo hafi verið. Þess ber þó að gæta að það er fyrst í síðustu skoðuninni, þ.e. skoðunar O, sem fram fór 11. mars sl., að bilun í millikassa er sérstaklega lýst. Það er álit hins sérfróða aðila sem kærunefndin leitaði til að sú bilun hafi nær örugglega verið komin til þegar álitsbeiðandi keypti bifreiðina enda þótt hún hafi getað aukist í eignartíð hans.

Í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 50/2000 segir að eftir afhendingu söluhlutar skuli kaupandi, jafnskjótt og sanngjarnt tækifæri gefst til, rannsaka söluhlut á þann hátt sem venja stendur til. Álitsbeiðandi lét rannsaka bifreiðina í byrjun mars sl. eða rúmum mánuði eftir að kaupin fóru fram og verður að telja að hann hafi staðið við skyldur sínar

að þessu leyti. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið fram á riftun kaupanna við seljanda en hann hafnað þeirri kröfu.

Kærunefndin óskaði eftir því við álitsbeiðanda að hann sendi henni ljósrit af afsali fyrir bifreiðinni, en hann kveðst ekkert afsal hafa fengið en hafa átt að fá það sent. Miðað við þá lýsingu á kaupunum sem fyrir liggur í gögnum málsins telur kærunefndin víst að bifreiðin, þ.e. söluhluturinn, hafi verið seldur „í því ástandi sem hann er“ eins og segir í 19. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Samkvæmt þeirri grein laganna er hlutur gallaður þegar:

- „a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.“

Að framan er rakið hverjar bilanir voru sannanlega á bifreiðinni þegar álitsbeiðandi keypti hana og hverjar líkur eru á að um frekari bilanir hafi verið að ræða þegar kaupin fóru fram. Niðurstaða kærunefndarinnar er sú að bifreiðin hafi verið gölluð við kaupin í skilningi þeirra ákvæða 19. gr. laga nr. 50/2000 sem rakin eru að framan þegar kaupin fóru fram. Af því leiðir að álitsbeiðandi öðlast rétt samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000 en þar segir m.a. eftirfarandi:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.“

Álitsbeiðandi hefur krafist riftunar á kaupunum og verður að telja að hann hafi gert það án ástæðulauss dráttar, sbr. ákvæði 2. mgr. 39. gr. laga nr. 50/2000. Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. getur kaupandi krafist riftunar megi meta galla til verulegra vanefnda. Það er álit kærunefndarinnar, með tilliti til þess hvað kosta mun, samkvæmt áliti hins sérfróða aðila sem hún hefur leitað til, að gera við þá galla sem á bifreiðinni voru, og að framan er lýst, að þessir gallar verði að teljast verulegar vanefndir seljanda í skilningi framangreindrar málsgreinar laganna. Af þeim sökum telur kærunefndin að álitsbeiðandi eigi rétt á að rifta kaupunum á bifreiðinni A sem fram fóru 30. janúar 2008.

Eins og að framan er rakið varð Y eigandi bifreiðarinnar á kaupdegi 30. janúar 2008 og sama dag varð Z eigandi. Í málinu hefur verið lagður fram svokallaður bílasamningur á milli álitsbeiðanda og Z sem er undirritaður 30. janúar 2008 eða saman dag og álitsbeiðandi varð eigandi bifreiðarinnar. Þar er skráð að kaupverð bifreiðarinnar sé 4.470.018.

Í 1. mgr. 64. gr. laga nr. 50/2000 segir að sé kaupum rift falli niður skyldur aðila til að efna þau, en í 2. mgr. er kveðið á um að hafi kaupin verið efnd að fullu eða hluta megi krefjast skila á því sem hefur verið móttakið. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi yfirtaki bílalánið sem hann sjálfur tók hjá Z. Ekki liggur annað fyrir en seljandi hafi

fengið greitt frá álitsbeiðanda umsamið kaupverð bifreiðarinnar, kr. 4.470.018 og ekki hærri fjárhæð. Þá fjárhæð ber seljanda skylda til að greiða álitsbeiðanda samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laga nr. 50/2000. Seljanda ber hins vegar ekki skylda til þess að yfirtaka það lán sem álitsbeiðandi tók hjá Z. Ekki verður séð af gögnum málsins að seljanda sé það lán viðkomandi að nokkru leyti og verður að telja samkvæmt almennum reglum að álitsbeiðanda beri að létta þessu láni af bifreiðinni gegn endurgreiðslu kaupverðsins.

Það sýnist nokkuð ljóst að álitsbeiðandi hefur lítil not haft af bifreiðinni og þykir því ekki ástæða til að færa seljanda til tekna einhvern afrakstur af notum álitsbeiðanda, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 50/2000. Hins vegar ber seljanda samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 65. gr. laganna að greiða álitsbeiðanda vexti, samkvæmt ákvæðum vaxtalaga, sbr. 71. gr. laganna, frá söluþegi, þ.e. 30. janúar 2008, til greiðsludags.

VI

Álitsorð

Álitsbeiðanda, X, er heimilt að rifta kaupum á bifreiðinni A. Seljanda, Y, ber að endurgreiða X kaupverð bifreiðarinnar, kr. 4.470.018, með vöxtum í samræmi við ákvæði vaxtalaga, nr. 38/2001, frá 30. janúar 2008 til greiðsludags. Gegn þeirri greiðslu ber álitsbeiðanda að létta af bifreiðinni því láni sem hann tók hjá Z.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

